

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1649**2019/EES/31/56****frá 5. nóvember 2018****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar að taka tiltekin bragðefni af skrá Sambandsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) Skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni inniheldur nokkur efni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur farið fram á að frekari vísindagögn verði lögð fram fyrir með það að markmiði að ljúka matinu áður en tilteknir frestir, sem eru fastsettir í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, renna út.
- 5) Þegar um er að ræða eftirfarandi þrjú efni: p-menta-1,4(8)-díen-3-ón (FL-númer 07.127), 2-amínóasetófenón (FL-númer 11.008) og 4-asetýl-2,5-dímetylfúran-3(2H)-ón (FL-númer 13.175) eru aðilarnir, sem bera ábyrgð á setningu þeirra á markað, búnir að draga umsóknina til baka.
- 6) Þess vegna ætti að fjarlægja efnin p-menta-1,4(8)-díen-3-ón (FL-númer 07.127), 2-amínóasetófenón (FL-númer 11.008) og 4-asetýl-2,5-dímetylfúran-3(2H)-ón (FL-númer 13.175) af skrá Sambandsins.
- 7) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 8) Af tæknilegum ástæðum ætti að mæla fyrir um umbreytingartímabil sem gilda fyrir matvæli, sem einhverju af þessum þremur bragðefnum hefur verið bætt í, sem hafa verið sett á markað eða send frá þriðju löndum til Sambandsins fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 275, 6.11.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Matvæli, sem einhverju af þeim bragðefnum, sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð, hefur verið bætt í og voru sett á markað á lögmætan hátt fyrir gildistöku þessarar reglugerðar má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

2. Matvæli, sem eru flutt inn í Sambandið og einhverju af þeim bragðefnum, sem eru skráð í viðaukann við þessa reglugerð, hefur verið bætt í má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags ef innflytjandi slíkra matvæla getur sýnt fram á að þau voru send frá viðkomandi þriðja landi og hafi verið á leið til Sambandsins áður en þessi reglugerð gengur í gildi.

3. Umbreytingartímabilin, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr., gilda ekki um blöndur með bragðefnum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 falli eftirfarandi færslur brott:

„07.127	p-menta-1,4(8)-díen-ón	491-09-8	757	11189			2	EFSA
11.008	2-amínóasetófenón	551-93-9		2041			4	EFSA
13.175	4-asetýl-2,5-dímetylfúran-3(2H)-ón						1	EFSA“